

DEILISKIPULAG UNDIRHLÍÐARNÁMU Í HAFNARFIRÐI

Svör við umsögnum og athugasemdum vegna
breytingu deiliskipulags

Ágúst 2026



1 Inngangur

Skipulagstillagan var kynnt opinberlega á tímabilinu **7. maí 2026 til 19. júní 2026**. Á kynningartíma gafst almenningi, hagsmunaaðilum og umsagnaraðilum kostur á að kynna sér tillöguna og koma á framfæri athugasemdum og umsögnum.

Alls bárust 7 umsagnir á kynningartímanum.

Markmið samantektarinnar er að draga fram þau meginatriði sem komu fram við kynningu tillögunnar og hvernig brugðist hefur verið við þeim, þannig að heildaryfirsýn fáiist yfir málsmeðferð og efnisleg álitaefni málsins.

2 Listi yfir umsagnir og athugasemdir

Umsagnaraðilar	Dags. umsagnar
1. Landsnet	15.06.2026
2. Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness	16.06.2026
3. Veðurstofa Íslands	16.06.2026
4. Náttúruverndarstofnun	16.06.2026
5. Náttúrufræðistofnun	19.06.2026
6. Vegagerðin - Höfuðborgarsvæði	19.06.2026
7. Land og skógur	19.06.2026

3 Umsagnir og viðbrögð

Umsagnaraðili	Umsögn/Athugasemd	Viðbrögð
1.Landsnet	Búrfellslína 3 Nokkru norðan við mörk Undirhlíðarnámu liggur Búrfellslína 3 sem er 220 kV loftlína á vegum Landsnets. Línan er sýnd á uppdrætti vinnslutillögunnar en ekki er ljóst hvort hún er innan marka deiliskipulagsins. Háspennulínunnar er ekki getið í greinargerð deiliskipulagsins. Reiðvegur er sýndur meðfram námunni og við ofangreinda háspennulínu en ekki er gert ráð fyrir breytingum á honum. Landsnet minnir á að samkvæmt skipulagsreglugerð skal samhengi við næsta nágrenni skipulagssvæðis koma skýrt fram á deiliskipulagsuppdráttum. Mikilvægt er því að sýna legu línunnar og jafnframt afmarka helgunarsvæði hennar á uppdrætti deiliskipulagsins. Ef línan liggur innan marka skipulagssvæðisins er mikilvægt að gerð verði grein fyrir helgunarsvæðinu og þeim takmörkunum sem gilda um það. Setja þarf ákvæði um umgengni og framkvæmdir á og við helgunarsvæðið. Einnig er mikilvægt að sett verði ákvæði um að samráð skuli haft við Landsnet vegna framkvæmda nærri línunni. Markmiðið með setningu slíkra ákvæða í skipulagi er að fyrirbyggja að mögulegar framkvæmdir ógni afhendingaröryggi rafmagns, sem og persónuöryggi, þ.e. öryggi þeirra sem vinna við framkvæmdir á svæðinu og/eða ferðast um það. Samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2008 skal af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja, svokallað helgunarsvæði. Helgunarsvæði loftlína er breytilegt og er ákvarðað í hverju tilviki eftir gerð mannvirkisins í samræmi við íslenska staðla. Breidd helgunarsvæðisins fer m.a. eftir	Búrfellslína 3 Tekið er undir að skýra þurfi betur legu Búrfellslínu 3 og helgunarsvæðis hennar á deiliskipulagsuppdrætti. Uppdráttur verður uppfærður þannig að lega Búrfellslínu 3 og helgunarsvæði hennar verði sýnd með skýrum hætti. Jafnframt verður greinargerð uppfærð með umfjöllun um helgunarsvæðið og settir skipulagsskilmálar um þær takmarkanir sem gilda innan þess. Þá verður bætt við ákvæði um að samráð skuli haft við Landsnet vegna framkvæmda innan áhrifasvæðis línunnar sem kunna að hafa áhrif á rekstrar- og afhendingaröryggi hennar. Ekki er talin þörf á að breyta legu reiðvegjar vegna þessara breytinga. <i>Sjá kafla 2.9 í greinargerð.</i>

Umsagnaraðili	Umsögn/Athugasemd	Viðbrögð
	spennu, hæð mastra og bili milli mastra. Innan helgunarsvæðis loftlína gildir byggingarbann þ.e. á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki og skógrækt er takmörkunum háð, en ýmis önnur landnotkun er leyfð. Frekari upplýsingar um skipulag og framkvæmdir við háspennulínur er að finna í leiðbeiningabæklingnum Háspennulínur – aðgát skal höfð [1] sem er að finna á heimasíðu Landsnets. Dæmigerð breidd helgunarsvæðis 220 kV loftlínu er 65 - 85 m, þ.e. 32,5 – 42,5 m til hvorrar hliðar.	
2. Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness	Almennt um hlutverk heilbrigðisnefndar og leyfisskyldu Í greinargerð kemur fram að framkvæmdin sé háð starfsleyfi heilbrigðiseftirlits vegna vinnslu jarðefna og reksturs vinnubúða, auk leyfis heilbrigðisnefndar vegna efnistöku samkvæmt samþykkt nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að deiliskipulagið þarf að innihalda nægilega skýra skilmála til þess að hægt sé að meta síðar hvort skilyrði samþykktarinnar séu uppfyllt. Það á sérstaklega við um ákvæði 44., 45., 47., 50. og 54. gr. samþykktarinnar. Samkvæmt 44. gr. skulu framkvæmdir og mannvirkjagerð á fjarsvæðum vera í samræmi við skipulagsáætlanir og rekstraraðili áformaðar framkvæmdar þarf að sýna fram á að starfseminni verði ekki fundinn annar staður vegna eðlis hennar eða að framkvæmdin styðji við þá starfsemi sem fyrir er á svæðinu, og að engin hætta sé á mengun grunnvatns vegna framkvæmdar eða reksturs. Samkvæmt 45. gr. er óheimilt að staðsetja mengandi starfsemi á fjarsvæði án samþykktar heilbrigðisnefndar og skal starfsleyfi ekki veitt nema tryggt sé að grunnvatn mengist ekki. Samkvæmt 47. gr. skulu aðilar	Almennt um hlutverk heilbrigðisnefndar og leyfisskyldu Greinargerð deiliskipulagsins hefur verið uppfærð með ítarlegri umfjöllun og skýrari skilmálum um vatnsvernd, mengunarvarnir, starfsmannaaðstöðu, fráveitu, fornleifar og náttúruvá. Í greinargerð verður gerð skýrari grein fyrir þörf á efnistöku, fyrirhugaðri notkun efnisins og forsendum þess að nýta og stækka núverandi efnistökusvæði í Undirhlíðum frekar en að opna nýtt efnistökusvæði. Að mati Hafnarfjarðarbæjar verður starfseminni ekki fundinn annar staður sem þjónar sama tilgangi með sambærilegum hætti, meðal annars með tilliti til staðsetningar, tenginga við stofnvegakerfi, efnisþarfar og þeirra jarðefnagæða sem eru á svæðinu. Í samræmi við hættumat Veðurstofu Íslands er einnig mikilvægt að gera ráð fyrir mögulegri þörf á varnargörðum í Hafnarfirði, en talsverð efnisþörf kann að verða með tilkomu slíkra framkvæmda. <i>Sjá kafla 2.1 og 5.1 í greinargerð.</i> Varasöm efni Deiliskipulagið setur jafnframt ramma um meðferð olíu, eldsneytis og annarra varasamra efna. Geymsla og áfylling slíkra efna verður óheimil nema í samræmi við starfsleyfi og leyfi heilbrigðisnefndar. Nákvæmt magn efna, fjöldi og gerð vinnuvéla, fyrirkomulag áfyllinga,

Umsagnaraðili	Umsögn/Athugasemd	Viðbrögð
	sem hug hafa á framkvæmdum eða rekstri á svæðinu skila heilbrigðisnefnd áhættumati sem nær bæði til framkvæmda og reksturs áður en sótt er um starfsleyfi. Með hliðsjón af þessu þarf framkvæmdaraðili að svara eftirfarandi grundvallarspurningum með skýrum hætti: • Hvað er efnið notað í og hefur verið sýnt fram á að starfseminni verði ekki fundinn annar staður vegna eðlis hennar? Er hægt að nálgast efnið á öðrum stað? • Er rétt að engin hætta sé á mengun grunnvatns frá framkvæmd eða rekstri? • Er hægt að tryggja að grunnvatn mengist ekki? Sérstaklega skal líta til olíu, glussa, seyru og annara mengandi efna. • Er áhættumatið nægilega yfirgripsmikið til að ná bæði til framkvæmdatíma og rekstrartíma? • Eru gögn um jarðfræði, grunnvatn, straumstefnu og mengunarleiðir nægilega góð til að áhættumatið sé trúverðugt? Varasöm efni Í fyrirbyggjandi gögnum er ekki gefið nægilega skýrt upp áætlað magn olíu, glussa, eldsneytis eða annarra varasamra efna sem kunna að verða á svæðinu á hverjum tíma. Þá vantar einnig upplýsingar um magn slíkra efna í vinnuvélum, efnisflutningabifreiðum, tankbílum og öðrum tækjum sem fara um eða dvelja á svæðinu. Án þessara upplýsinga er ekki hægt að leggja fullnægjandi mat á mengunaráhættu frá framkvæmd og rekstri. Þetta á bæði við um daglegan rekstur og versta raunhæfa óhapp, svo sem leka úr vinnuvél eða	mengunarvarnarbúnaður og viðbrögð við einstökum óhappssviðsmyndum ráðast af endanlegu rekstrarfyrirkomulagi og verða nánar skilgreind í starfsleyfi og viðbragðsáætlun rekstraraðila. <i>Sjá kafla 5.1 í greinargerð.</i> Starfsmannabúðir og fráveita Bætt hefur verið við ítarlegri upplýsingum um starfsmannaaðstöðu í deiliskipulagi. Greinargerð er uppfærð varðandi starfsmannaaðstöðu, neysluvatn og fráveitu. Neysluvatn skal uppfylla kröfur gildandi reglugerðar um neysluvatn. Fráveita og meðhöndlun seyru skal vera í samræmi við samþykkt um vatnsvernd og háð leyfi Heilbrigðiseftirlitsins. Förgun seyru eða úrgangs frá salernisaðstöðu verður óheimil innan svæðisins og gera skal ráð fyrir viðbrögðum vegna óhappa við flutning eða tæmingu safntanka. <i>Sjá kafla 5.1 í greinargerð.</i> Vatnshlot, vatnsvernd og jarðfræðileg óvissa Mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlot og vatnsvernd var unnið sem hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og liggur til grundvallar deiliskipulagstillögunni. Kafli greinargerðar um vatnshlot og vatnsvernd verður yfirfarinn og uppfærður með skýrari umfjöllun um grunnvatnshlot, grunnvatnsrennsli, vatnsból og jarðfræðilegar aðstæður. Jafnframt verða settir skilmálar um að framkvæmd og rekstur skuli vera í samræmi við samþykkt nr. 555/2015 og að viðeigandi mengunarvarnir, vöktun og viðbragðsáætlanir skuli liggja fyrir áður en starfsemi hefst. Deiliskipulagið setur jafnframt ramma um meðferð olíu, eldsneytis og annarra varasamra efna. Geymsla og áfylling slíkra efna verður óheimil nema í samræmi við starfsleyfi og leyfi heilbrigðisnefndar. Nákvæmt magn efna, fjöldi og gerð vinnuvéla, fyrirkomulag áfyllinga, mengunarvarnarbúnaður og viðbrögð við einstökum óhappssviðsmyndum ráðast af endanlegu rekstrarfyrirkomulagi og verða

Umsagnaraðili	Umsögn/Athugasemd	Viðbrögð
	glussa, olíuleka úr vörubíl, áfyllingaróhapp eða veltu tankbíls. Heilbrigðiseftirlitið telur að í næstu útgáfu gagna þurfi að koma fram: • hámarksmagn olíu og annarra varasamra efna sem má vera á svæðinu hverju sinni, • áætlað magn olíu og glussa í vinnuvélum og flutningabílum, • hvernig áfyllingum verði háttað, sem sagt, hvort eldsneyti verði geymt á svæðinu eða eingöngu flutt inn tímabundið til áfyllingar, • nánari upplýsingar um hvernig ástand vinnuvéla, ökutækja og annars búnaðs sé tryggt og hvaða mengunarvarnarbúnaður og viðbragðsráðstafanir verði tiltækar á svæðinu. • hvaða hámarksmagn olíu megi flytja inn á svæðið með tankbíl hverju sinni. Með auknum fjölda vinnuvéla, vörubíla og annarra ökutækja eykst heildarmagn olíu og glussa á svæðinu og þar með hættu á mengunarslysum. Þessi aukna áhætta þarf að koma skýrt fram í áhættumati og í skilmálum deiliskipulagsins. Samkvæmt 50. gr. samþykktar nr. 555/2015 er geymsla á olíu, bensíni og öðrum varasömum efnum óheimil nema það sé tiltekið í starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Sama gildir um olíuáfyllingar á tæki og tanka. Starfsmannabúðir fráveita og vatnstaka Í greinargerð er fjallað um starfsmannaaðstöðu, salerni og fráveitu, en ekki er nægilega skýrt hvernig neysluvatni verði	nánar skilgreind í starfsleyfi og viðbragðsáætlun rekstraraðila. <i>Sjá kafla 5.1 í greinargerð.</i> Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðar, starfsleyfi Heilbrigðiseftirlitsins og leyfi heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykkt nr. 555/2015. Deiliskipulagið felur því ekki í sér endanlega niðurstöðu um leyfishæfi framkvæmdarinnar, heldur setur bindandi skipulagsramma um umfang og tilhögun hennar. Áður en starfsemi hefst þarf rekstraraðili að leggja fram nánari gögn um mengunarvarnir, vöktun, varasöm efni, fráveitu og viðbrögð við óhöppum, þannig að Heilbrigðiseftirlitið geti metið hvort skilyrði vatnsverndarsamþykktar og annarra viðeigandi laga og reglugerða séu uppfyllt. Fornleifar og samræmi gagna Deiliskipulagstillagan hefur tekið fullt tillit til umsagnar Minjastofnunar, sem barst við umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar. Þar leggur hún áherslu á að þyrma Dalaleið. Í deiliskipulagstillögu hefur afmörkun efnistökusvæðisins verið breytt til að raska ekki þeirri leið. <i>Sjá kafla 2.5 í greinargerð.</i> Náttúruvá Vegna athugasemdar um náttúruvá verður tekið mið af fyrirbyggjandi og nýjum gögnum Veðurstofu Íslands og annarra viðeigandi sérfræðiaðila eftir því sem þau liggja fyrir. Komi fram nýjar upplýsingar sem sýna að umfang eða tilhögun efnistöku geti haft áhrif á hraunrennslisvá eða hlutverk Undirhlíða sem náttúrulegrar fyrirstöðu verður tekið tillit til þeirra við áframhaldandi vinnslu skipulagsins og leyfisveitingar. Raunhæfi framkvæmdar með tilliti til vatnsverndar og leyfisveitinga Vandað hefur verið til undirbúnings efnistöku á svæðinu. Til að tryggja sem bestar upplýsingar liggja fyrir við ákvörðun um efnistöku ákvað

Umsagnaraðili	Umsögn/Athugasemd	Viðbrögð
	aflað fyrir starfsmannabúðir eða starfsmannaaðstöðu. Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir að útskýrt verði frekar: • hvernig neysluvatns verði aflað, með borholu, tengingu við kerfið eða aðflutt. • hvernig tryggt verði að neysluvatn uppfylli kröfur gildandi löggjafar, • hvernig fráveitu verði háttað, • hvaða viðbrögð verði ef óhapp verður við flutning eða tæmingu seyru úr safntanki. Samkvæmt 54. gr. samþykktar nr. 555/2015 skal afla leyfis heilbrigðisnefndar fyrir náðhúsum, salernum, fráveitum og rotþróum. Förgun á seyru og úrgangi úr þurrsalernum eða náðhúsum er óheimil á svæðinu. Gerlamengun frá starfsmannaaðstöðu er raunhæfur áhættuþáttur á vatnsverndarsvæði þarfnast viðeigandi áhættumat og mótvægisáðgerðir frekari útskýringu í næstu skýrslu. Vatnshlot, vatnsvernd og jarðfræðileg óvissa Heilbrigðiseftirlitið telur að vatnshlotakafli greinargerðarinnar sé ófullnægjandi í núverandi mynd. Heimildavísanir og forsendur þurfa að vera skýrari og betur þarf að rökstyðja niðurstöðu um að áhrif á vatnshlot og vatnsvernd verði óveruleg. Áhættumat þarf jafnframt að vera aðgengilegt, en í núverandi gögnum er vísað í heimild sem virðist ekki koma fram í heimildaskrá. 2 Heilbrigðiseftirlitið bendir á að afmörkun grunnvatnshlots eins og gefið er upp í mynd 5.1 fylgir ekki grunnvatnsskilum. Vatnshlot eru stjórnsýslulegar afmarkanir sem byggja á bestu fáanlegu gögnum hverju sinni	Hafnarfjarðarbær að vinna nýtt umhverfismat og uppfæra deiliskipulag. Forsendur um efnistökusvæði í Undirhlíðum byggja á því að unnt sé að ráðast í efnistöku án verulegra neikvæðra umhverfisáhrifa, enda verði sett skilyrði um ýmsar mótvægisáðgerðir. Þá liggja fyrir að nauðsynlegt er að afla jarðefna fyrir byggðapróun í Hafnarfirði og mögulega gerð varnargarða vegna hraunvár. Þá liggja jafnframt fyrir drög að áhrifamati á vatnshlot.

Umsagnaraðili	Umsögn/Athugasemd	Viðbrögð
	og geta breyst þegar nýjar upplýsingar liggja fyrir um grunnvatnsrennsli, grunnvatnsskil, jarðfræði eða vatnsból. Ekki er því nægilegt að byggja mat á áhrifum eingöngu á núverandi afmörkun vatnshluts. Við mat á áhrifum þarf að líta til raunverulegs grunnvatnskerfis, þar á meðal grunnvatnsskila, straumstefnu, sprungna, misgengja, lektar og mögulegra mengunarleiða, auk áhrifa á núverandi og fyrirhuguð vatnsból. Þrívíddarjarðfræði svæðisins í dýpi er ekki þekkt með þeim hætti að hægt sé að útiloka óvissu um vatnafræðilega þætti, svo sem straumstefnu grunnvatns, tengsl sprungna og misgengja, lóðréttu lekt og mögulegar hraðar mengunarleiðir. Þetta á sérstaklega við um Undirhlíðar, þar sem svæðið einkennist af móbergshryggjum, misgengjum og sigdalakerfi sem liggur í átt að Kaldárbotnum. Fyrirhuguð náma er staðsett á jarðfræðilegu veikleikabelti og slík kerfi geta haft veruleg áhrif á grunnvatnsrennsli og flutning mengunarefna, jafnvel þótt megin grunnvatnsstraumur sé almennt talinn liggja í tiltekna átt. Kaldárbotnar eru eitt mikilvægasta vatnsból höfuðborgarsvæðisins og sigdalurinn sem liggur um Undirhlíðar tengist því jarðfræðilega. Því þarf að meta sérstaklega hvort mengun frá framkvæmdasvæðinu, einkum olía, glussi eða önnur torleyst mengunarefni við óhapp, geti borist eftir sprungum, misgengjum eða öðrum jarðfræðilegum veikleikabeltum í átt að Kaldárbotnum eða fyrirhuguðum vatnsbólum. Heilbrigðiseftirlitið telur nauðsynlegt að unnir verði dreifingarreikningar fyrir bæði uppleyst og torleyst mengunarefni þar sem metnar eru mismunandi sviðsmyndir fyrir mengunarefnaflutning. Slík greining þarf ekki aðeins að byggja á líklegustu straumstefnu heldur einnig á varfærum	

Umsagnaraðili	Umsögn/Athugasemd	Viðbrögð
	sviðsmyndum sem taka mið af óvissu í jarðfræði svæðisins. Sérstaklega þarf að leggja fram sviðsmynd þar sem sprungur og misgengi á svæðinu reynast leiða grunnvatn og mengunarefni með sambærilegum hætti og þekkt er á vatnsverndarsvæðum í Heiðmörk. Í slíkri sviðsmynd þarf að meta ferðatíma mengunarefna, mögulegar flutningsleiðir, áhrif á Kaldárbotna og hvort fyrirhugaðar mengunarvarnir og viðbragðsáætlanir séu nægjanlegar til að tryggja að grunnvatn og vatnsból verði ekki fyrir áhrifum. Í næstu útgáfu gagna þarf sérstaklega að gera grein fyrir: • hvort og hvernig mengun gæti borist eftir sprungum eða misgengjum, • áhrifum á Kaldárbotna og önnur núverandi eða fyrirhuguð vatnsból, • áhrifum torleystra mengunarefna, sérstaklega olíu, • dreifingarreikningar fyrir uppleyst og torleyst mengunarefni, • Sprunguleiðni sviðsmynd. • hvernig vöktun grunnvatns verði útfærð, hvar vöktunarholur verði, hvað verði mælt og hvaða viðmiðunargildi kalli á viðbrögð Að mati heilbrigðiseftirlitsins þarf að gera mun skýrari grein fyrir jarðfræðilegum forsendum áhættumatsins, leggja fram rökstudda greiningu á óvissu og sýna fram á með viðeigandi líkanreikningum að mengun frá framkvæmdasvæðinu geti ekki haft neikvæð áhrif á Kaldárbotna eða fyrirhuguð vatnsból. Fornleifar og samræmi gagna Mynd 2.1 virðist sýna að áhrifasvæði framkvæmdarinnar liggi á skráðum fornleifum, en þrátt fyrir það eru áhrif á fornleifar	

Umsagnaraðili	Umsögn/Athugasemd	Viðbrögð
	metin óveruleg. Þótt Minjastofnun Íslands fari með meginhlutverk vegna 3 fornleifa telur heilbrigðiseftirlitið mikilvægt að þetta misræmi sé skýrt, þar sem þetta hefur áhrif á trúverðugleika áhrifamatsins í heild. Í næstu útgáfu gagna þarf að koma skýrt fram hvort niðurstaða um óveruleg áhrif sé í samræmi við umsögn og skilyrði Minjastofnunar Íslands. Náttúruvá Heilbrigðiseftirlitið telur að fjalla þurfi sérstaklega um möguleg áhrif námuvinnslu á náttúruvá. Móbergshryggurinn í Undirhlíðum virkar eins og náttúrulegur varnargarður eða fyrirstaða gagnvart hraunrennsli. Við umfangsmikinn námugróft getur geta hans til að beina eða stöðva hraunrennsli veikst. Ef op í hryggnum stækkar eða náttúruleg fyrirstaða veikist getur það haft áhrif á hraunrennslisvá í átt að Völlunum í Hafnarfirði og mögulega minnkað getu landslagsins til að tefja eða stöðva rennsli. Þetta er atriði sem þarf að meta með viðeigandi sérfræðipækkingu áður en endanleg ákvörðun er tekin um umfang og tilhögun efnistöku. Heilbrigðiseftirlitið telur eðlilegt að almannavarnir, Veðurstofa Íslands og/eða aðrir viðeigandi sérfræðiaðilar komi að mati á þessu atriði. Eðlilegt væri að bíða eftir viðeigandi skýrslum eða hættumati um náttúruvá og taka upplýsta ákvörðun á grundvelli þeirra áður en skipulagið er afgreitt endanlega. Raunhæfi framkvæmdar með tilliti til vatnsverndar og leyfisveitinga Heilbrigðiseftirlitið telur að í ljósi staðsetningar framkvæmdarinnar innan vatnsverndarsvæðis, umfangs fyrirhugaðrar efnistöku, rekstrartíma, olíunotkunar, umferðar	

Umsagnaraðili	Umsögn/Athugasemd	Viðbrögð
	vinnuvéla og óvissu um grunnvatnskerfi svæðisins þurfi að leggja sérstakt mat á hvort raunhæft sé að framkvæmdin geti uppfyllt skilyrði vatnsverndarsamþykktarinnar. Samkvæmt 44. gr. samþykktar nr. 555/2015 þarf rekstraraðili áformaðrar framkvæmdar á fjarsvæði að sýna fram á að starfseminni verði ekki fundinn annar staður vegna eðlis hennar eða að framkvæmdin styðji við þá starfsemi sem fyrir er á svæðinu, og að engin hætta sé á mengun grunnvatns vegna framkvæmdar eða reksturs. Samkvæmt 45. gr. skal starfsleyfi ekki veitt nema tryggt sé að grunnvatn mengist ekki. Að mati heilbrigðiseftirlitsins hefur ekki verið sýnt fram á í fyrirbyggjandi gögnum að hægt sé að útiloka mengun grunnvatns vegna framkvæmdar eða reksturs. Þá hefur ekki verið sýnt fram á með fullnægjandi hætti að hægt sé að tryggja að grunnvatn mengist ekki, sérstaklega með hliðsjón af óvissu um þrívíddarjarðfræði svæðisins, sprungur, misgengi, mögulegar mengunarleiðir, umfang olíu og glussa á svæðinu og nálægð við núverandi og möguleg framtíðarvatnsból. Heilbrigðiseftirlitið telur því verulegan vafa leika á því hvort framkvæmdin sé leyfishæf samkvæmt vatnsverndarsamþykktinni að óbreyttum gögnum. Áður en deiliskipulagið er afgreitt endanlega þarf framkvæmdaraðili að sýna fram á, með mun skýrari og ítarlegri gögnum en nú liggja fyrir, að skilyrði samþykktarinnar geti verið uppfyllt. Takist ekki að sýna fram á að engin hætta sé á mengun grunnvatns og að hægt sé að tryggja að grunnvatn mengist ekki, telur heilbrigðiseftirlitið að forsendur skorti til að halda fyrirhugaðri efnistöku áfram á þessum stað. Samantekt	

Umsagnaraðili	Umsögn/Athugasemd	Viðbrögð
	Heilbrigðiseftirlitið telur að fyrirbyggjandi vinnslutillaga þurfi að skýrast verulega áður en hægt er að leggja mat á hvort framkvæmdin samræmist kröfum vatnsverndarsamþykktar og hvort síðar verði unnt að gefa út starfsleyfi eða leyfi heilbrigðisnefndar. Sérstaklega þarf að bæta við eða skýra: 1. Áætlað og hámarks magn olíu, glussa, eldsneytis og annarra varasamra efna á svæðinu. 2. Fyrirkomulag olíuáfyllinga, olíuflutninga, mengunarvarna, viðbragðsbúnaðar og ástandseftirlits vinnuvéla og ökutækja. 3. Fyrirkomulag neysluvatns, starfsmannaaðstöðu, fráveitu, safntanka og viðbragða vegna óhappa við flutning eða tæmingu seyru. 4. Aðgengilegt og fullnægjandi áhættumat sem nær bæði til framkvæmda og reksturs. 5. Skýrari umfjöllun um vatnshlot, grunnvatnsskil, straumstefnu og áhrif á Kaldárbotna og önnur núverandi eða fyrirhuguð vatnsból. 6. Dreifingarreikninga fyrir bæði uppleyst og torleyst mengunarefni, þar á meðal olíu og glussa. 7. Sviðsmynd þar sem sprungur og misgengi leiða grunnvatn og mengunarefni með sambærilegum hætti og þekkt er á vatnsverndarsvæðum í Heiðmörk. 8. Útfærslu grunnvatnsvöktunar, þar á meðal staðsetningu vöktunarhola, mælipætti og viðmiðunargildi sem kalla á viðbrögð. 9. Skýringu á misræmi milli korta og niðurstöðu áhrifamats vegna fornleifa.	

Umsagnaraðili	Umsögn/Athugasemd	Viðbrögð
	10. Mat almannavarna, Veðurstofu Íslands eða annarra viðeigandi sérfræðiaðila á áhrifum námuvinnslu á náttúruvá og hlutverk Undirhlíða sem náttúrulegrar fyrirstöðu gagnvart hraunrennsli Að mati heilbrigðiseftirlitsins er ekki fullnægjandi að vísa þessum atriðum eingöngu til síðari starfsleyfisferils. Deiliskipulagið þarf sjálft að setja skýran ramma um mengunarvarnir, vatnsvernd, vöktun, viðbrögð við óhöppum og takmarkanir á starfsemi, þannig að hægt sé að tryggja að grunnvatn, vatnsból og vatnshlot verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum. Heilbrigðiseftirlitið áskilur sér rétt til að gera frekari kröfur við meðferð starfsleyfis, leyfis samkvæmt vatnsverndarsamþykkt og eftir atvikum vegna fráveitu, neysluvatns, olíuflutninga, geymslu varasamra efna og reksturs starfsmannaaðstöðu. Að óbreyttum gögnum telur heilbrigðiseftirlitið verulegan vafa leika á því hvort fyrirhuguð framkvæmd geti uppfyllt skilyrði vatnsverndarsamþykktarinnar, einkum þau skilyrði að sýnt sé fram á að engin hætta sé á mengun grunnvatns og að tryggt sé að grunnvatn mengist ekki.	
3. Veðurstofa Íslands	Veðurstofa Íslands hefur kynnt sér vinnslutillöguna og meðfylgjandi gögn á Skipulagsgáttinni og gefur eftirfarandi athugasemdir er varða grunnvatnshlot og vatnsvernd. Veðurstofan minnir á að umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins Straumsvíkurstraumur (104-265-G) eru að magnstaða sé góð og efnafræðilegt ástand sé gott. Magnstaða grunnvatnshlotsins er óþekkt og sömuleiðis er efnafræðilegt ástand óþekkt. Skráð álag á hlotið er staðbundið álag vegna framleiðslu Colas á malbiki á	Tekið er undir mikilvægi þess að tryggja vernd grunnvatns og vatnshlota á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Við gerð deiliskipulagstillögunnar hefur verið byggt á niðurstöðum umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar og þeim mótvægisáðgerðum sem þar eru lagðar til.

Umsagnaraðili	Umsögn/Athugasemd	Viðbrögð
	Völlunum í Hafnarfirði og móttaka spilliefna á Berghelli 1 (Terra). Það er mat Veðurstofunnar að fyrirhugaðar framkvæmdir og rekstur efnistökusvæðisins við Undirhlíðar muni ekki hafa teljandi áhrif á magnstöðu né efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins svo framarlega sem áhættuminnkandi aðgerðum sem lýst er í greinargerðinni sé fylgt eftir á framkvæmdar- og rekstrartíma.	
4.Náttúruverndarstofnun	Hraun Í greinargerð kemur fram að efnistökusvæðið í Undirhlíðum er staðsett í móbergsbeltum á Reykjanesskaga. Innan svæðisins eru hvorki eldhraun né gjallgígar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Náttúruverndarstofnun vekur þó athygli á því að mjög nærri efnistökusvæðinu er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt ákvæðum náttúruverndarlaga, Kapelluhraun, Háibruni og Skúlatúnshraun og mikilvægt er að því verði ekki raskað vegna efnistökkunnar eða mögulegrar færslu Leiðarendavegar. Í 61. gr. laga um náttúruvernd er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í greinargerð með	Hraun Varðandi hraun sem njóta sérstakrar verndar verður greinargerð uppfærð þannig að gerð verði skýrari grein fyrir Kapelluhrauni, Háabrunahrauni og Skúlatúnshrauni í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Jafnframt verður áréttað að ekki er gert ráð fyrir röskun þessara hrauna vegna fyrirhugaðrar efnistöku eða annarra framkvæmda sem deiliskipulagið tekur til. Gerð er grein fyrir þeim valkostum sem voru til skoðunar og þeirri brýnu nauðsyn og almannahagsmuna sem felst í notkun jarðefna, <i>sjá kafla 2.1 í greinargerð</i>. Landslag og ásjúnd Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að frágangur fari fram samhliða vinnslu eftir því sem kostur er og að hver vinnsluáfangi verði mótaður og græddur upp áður en næsti áfangi hefst. Greinargerðin verður uppfærð þannig að skýrar verði gerð grein fyrir fyrirkomulagi landmótunar, uppgræðslu og endanlegs frágangs svæðisins. Jafnframt verður áréttað að við uppgræðslu verði stuðst við íslenskan eða náttúrulegan gróður í samræmi við umhverfismatsskýrslu og leitast við að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu lúpínu. <i>Sjá kafla 5.8 í greinargerð</i>. Reykjanesfólkvangur og leyfisskylda

Umsagnaraðili	Umsögn/Athugasemd	Viðbrögð
	deiliskipulagstillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef framkvæmdin gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna. Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr.	Í deiliskipulaginu kemur fram yfirlit um þau leyfi sem þarf fyrir efnistöku í Undirhlíðum, þar með talið leyfi Náttúruverndarstofnunar vegna framkvæmda innan Reykjanesfólkvangs. <i>Sjá kafla 3 í greinargerð.</i> Vatnsvernd Varðandi vatnsvernd er byggt á niðurstöðum umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar og áleti Skipulagsstofnunar. Búið er að yfirfara umfjöllun um grunnvatnsvöktun, mótvægisáðgerðir og viðbragðsáætlanir í greinargerð skipulagsins, og ekki talið þörf á breytingum. <i>Sjá kafla 5.1 og 5.5 í greinargerð.</i> Samlegðaráhrif Í umhverfismati framkvæmdar og í deiliskipulagi er lagt mat á heildaráhrif framkvæmda, þ.e. efnistöku og færslu vegar. Því liggja allar upplýsingar fyrir um helstu umhverfisáhrif.

Umsagnaraðili	Umsögn/Athugasemd	Viðbrögð
	61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvæðingum sem verða fyrir röskun. Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna. Landslag og ásynd Í umhverfismatsskýrslu greinargerðar með deiliskipulagstillögunni er áhrif framkvæmdar á ásynd og landslag metin talsvert neikvæð. Í greinargerðinni er fjallað um frágang efnistökusvæðisins og fram kemur að frágangur skuli fara samhliða fram eftir því sem kostur er og skal hver áfangi mótaður, hreinsaður og græddur upp áður en næsti áfangi hefst. Náttúruverndarstofnun tekur undir mikilvægi þess að hugað sé að landmótun/endurgerð og frágangi á meðan vinnsla er í gangi og þegar vinnslutíma líkur. Náttúruverndarstofnun bendir á að með landmótun er hér átt við frágang námusvæða sem felur í sér mótun raskaðra svæða á þann hátt að þau falli sem best að umhverfi sínu að efnistöku lokinni. Markmið landmótunar og viðeigandi uppgræðslu er að sýnileg ummerki efnistökkunnar verði eins lítil og kostur er og hverfi algerlega með tímanum þar sem vel tekst til. Náttúruverndarstofnun bendir á að með endurgerð	

Umsagnaraðili	Umsögn/Athugasemd	Viðbrögð
	jarðmyndunar eða endurgerð lands felur í sér að land er mótað að nýju þar sem jarðmyndun hefur verið skert eða fjarlægð við efnistöku. Markmið landmótunar af þessu tagi er að fella efnistökusvæðið að nánasta umhverfi á þann hátt að það teljist eðlilegur hluti þess. Sá gróður sem fyrir var er látinn aðlaga sig eftir föngum að nýjum aðstæðum. Náttúruverndarstofnun tekur undir álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar efnistöku í Undirhlíðum dags. 4. febrúar 2026 þar sem kemur fram að stofnunin leggur áherslu á mikilvægi vandaðs frágangs og telur að áhrif efnistökkunnar komi til með að verða staðbundið talsvert neikvæð vegna lengdar framkvæmdatíma og vegna samlegðaráhrifa með annarri efnistöku auk þess sem horfa þarf til þess að fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan Reykjanesfólkvangs. Reykjanesfólkvangur og leyfisskylda Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 520/1975 um friðlýsingu Reykjanesfólkvangs er allt jarðrask bannað innan fólkvangsins nema leyfi Náttúruverndarstofnunar komi til. Stofnunin tekur fram að umsögn þessi jafngildi ekki leyfi til framkvæmda og þarf að sækja um það sérstaklega til stofnunarinnar bæði vegna alls jarðrasks sem tengist fyrirhuguðum námurekstri og mögulegri færslu á Leiðarendavegi. Vatnsvernd Í greinargerð með skipulagstillögunni kemur fram að fyrirhugað efnistökusvæði liggur innan eða í jaðri	

Umsagnaraðili	Umsögn/Athugasemd	Viðbrögð
	vatnsverndarsvæðis. Náttúruverndarstofnun tekur undir álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar efnistöku í Undirhlíðum dags. 4. febrúar 2026 þar sem kemur fram að stofnunin; „telur ljóst að ekki er ásættanlegt að neikvæð áhrif á grunnvatn verði af völdum efnistökkunnar og leggur því mikla áherslu á vöktun grunnvatns sem og á þær aðgerðir til mótvægis sem framkvæmdaraðili reifar í umhverfismatsskýrslu sem eiga annars vegar að koma í veg fyrir að mengun berist frá fyrirhugaðri efnistöku í grunnvatn og hins vegar skýra 8 viðbragðsáætlun ef mengunaróhapp verður.“ Náttúruverndarstofnun telur að í skipulagstillögunni þurfi að fjalla ítarlegar um skipulagða vöktun og viðbragðsáætlun vegna vatnsverndar. Samlegðaráhrif Náttúruverndarstofnun telur æskilegt að gert verði heildstætt mat á samlegðaráhrifum mögulegrar framkvæmdar og tillögu um færslu Leiðarendavegar á náttúrufar, vistgerðir, fuglalíf, jarðmyndanir, vatnsvernd, landslag og ásynd. Slíkt samlegðarmat myndi einnig fjalla um áætlanir og leiðir til að lágmarka áhrif efnistökkunnar og framkvæmdarinnar í heild sinni. Um er að ræða mjög umfangsmikla efnistöku innan Reykjanesfólkvangs sem vara mun í mjög langan tíma eða í allt að 20 ár.	
5.Náttúrufræðistofnun	Jarðminjar og verndargildi Innan Reykjanesfólkvangs eru tveir áberandi og langir móbergshryggir, Sveifluháls og Núpshlíðarháls, með stefnu	Jarðminjar og verndargildi Bætt verður við umfjöllun um verndargildi jarðminja í greinargerð deiliskipulagsins. <i>Sjá kafla 2.6 í greinargerð.</i>

Umsagnaraðili	Umsögn/Athugasemd	Viðbrögð
	norðaustur-suðvestur. Hryggirnir eru samsettir og hafa myndast í nokkrum sprungugosum undir jökli á Ísöld og tilheyra báðir Krýsuvíkureldstöðvarkerfinu. Í hryggjunum finnst einnig bólstraberg og þursberg. Misgengi liggja samsíða hryggjunum ásamt gígaröðum. Móbergshryggir eru fágætir á heimsvísu og hafa því mjög hátt verndargildi vegna alþjóðlegs mikilvægis. Fræðslu- og vísindagildi er einnig mjög hátt þar sem svæðið er vinsælt útivistarsvæði og myndun hryggjanna hefur verið rannsökuð og veitir innsýn inn í myndun móbergshryggja. Fyrirhugað efnistökusvæði er staðsett á norðaustur enda á áberandi móbergshrygg og eru áhrif á jarðminjar metin óveruleg til talsverð neikvæð áhrif. Þrátt fyrir að það eigi ekki að raska náttúruminum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (nr. 60/2013), eins og eldhraunum og gígum, þarf samt að hafa í huga og taka tillit til þess að verndargildi móbergshryggja er hátt. Nútímahraun liggja að fyrirhuguðu efnistökusvæði og er mikilvægt er að þeim verði ekki raskað vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Vatnsvernd Í greinargerð með skipulagstillögunni kemur fram að fyrirhugað efnistökusvæði liggur innan eða í jaðri vatnsverndarsvæðis. Náttúrufræðistofnun tekur undir með Heilbrigðiseftirlitinu um að kanna þurfi nánar jarðfræði svæðisins með tillit til til grunnvatnskerfis og mögulegra áhrifa sem fyrirhugaðar framkvæmdir gætu haft á vatnsból. Einnig þarf að fjalla ítarlega um vöktun á vatnsbólum og viðbragðsáætlun vegna vatnsverndar.	Vatnsvernd Ítarleg umfjöllun liggur fyrir í umhverfismatsskýrslu um möguleg áhrif á vatnafar. Hún tekur mið af áhrifamati vatnshlota, grunnvatnsstraumum og skilgreindum mótvægisáðgerðum og vöktun. Í deiliskipulaginu eru settir skilmálar til að tryggja að áhrif á vatnafar verði ásættanlegt og í samræmi við lög um stjórn vatnamála. <i>Sjá kafla 5.1 og 5.5 í greinargerð.</i> Landslag og ásynd Tekið er undir mikilvægi vandaðs frágangs efnistökusvæðisins. Greinargerðin verður uppfærð þannig að skýrar verði gerð grein fyrir fyrirkomulagi landmótunar, uppgræðslu og endanlegs frágangs svæðisins. Jafnframt verður áréttað að við uppgræðslu verði stuðst við íslenskan eða náttúrulegan gróður í samræmi við umhverfismatsskýrslu og leitast við að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu lúpínu.

Umsagnaraðili	Umsögn/Athugasemd	Viðbrögð
	Landslag og ásýnd Samkvæmt umhverfismatsskýrslu og áliti Skipulagsstofnunar mun fyrirhuguð framkvæmd hafa staðbundin og talsverð neikvæð áhrif á landslag og ásýnd sem ítrekar mikilvægi þess að frágangur sé vandaður. Í umhverfismatsskýrslu kom fram að hvernig frágangi skal háttað samkvæmt deiliskipulagi. Þar kemur meðal annars fram að svæðið skal grætt upp og gróðursetning einskorðuð við tegundir sem falla undir skilgreininguna „Íslenskur gróður“ eða „náttúrulegur gróður“. Náttúrufræðistofnun taldi þetta jákvætt þar sem lúpína finnst á svæðinu og mikilvægt er að hún dreifist ekki víðar vegna vinnslunnar eða við frágang. Í vinnslutillögu deiliskipulags kemur hins vegar aðeins fram að gera skal ráð fyrir uppgræðslu eins og við á og ekki er jafn ítarlega gerð grein fyrir frágangi. Mikilvægt er að það sé skýrt hvernig staðið skal að frágang á svæðinu.	
6.Vegagerðin	Veghelgunarsvæði Samkvæmt Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. Leiðarendavegur er í tengivegur í veghaldi Vegagerðarinnar. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru ávallt háðar leyfi frá Vegagerðinni. Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein. Leiðarendavegur - færsla Í umhverfismatsskýrslu sem unnin var fyrir mat á umhverfisáhrifum (mál nr. 1193/2024 á skipulagsgátt) kemur	Veghelgunarsvæði Veghelgunarsvæði Leiðarendavegar og Krýsuvíkurvegar verða sýnd á deiliskipulagsuppdrætti í samræmi við skipulagsreglugerð og greinargerð er skilgreindir skilmálar sem gilda innan þeirra. Leiðarendavegur - færsla Deiliskipulag gerir ráð fyrir mögulegri framtíðarfærslu vegarins en felur ekki í sér ákvörðun um framkvæmd hennar. Haft verður samráð við Vegagerðina um útfærslu, tímasetningu og kostnaðarskiptingu verði af færslu vegarins. Greinargerð og deiliskipulagsuppdráttur verða uppfærð með skýrari umfjöllun um vegtengingar, aðkomu að framkvæmdasvæðinu og umferð.

Umsagnaraðili	Umsögn/Athugasemd	Viðbrögð
	fram að færa þurfi legu Leiðarendavegar norðar þar sem hann kæmi til með að liggja utan vinnslusvæðis efnistöku og tryggja greiða og örugga umferð fram hjá svæðinu. Vegagerðin vísar í umsögn á umhverfismatið dagsett 14. nóvember 2025 en þar segir að slík framkvæmd sé ekki hluti af gildandi áætlunum Vegagerðarinnar né eru slíkar framkvæmdir fjármagnaðar. Vegagerðin óskar því eftir frekara samtali við framkvæmdaðila til að ræða fram komnar tillögur. Vegagerðin bendir á að í ljósi fyrirhugaðrar efnistöku og mögulegra áhrifa þungaumferðar á þjóðvegi, að kostnaður tengdur framkvæmdunum fellur framkvæmdaraðila, t.a.m. styrkingar og breiðkanir á vegum og breytingar á vegamótum. Vegagerðin skal hafa yfirumsjón með slíkum breytingum á vegakerfinu. Lagfæringar vegna mögulegs tjóns á innviðum Vegagerðarinnar sem verður af efnisflutningum, verður á kostnað framkvæmdaraðila. Verði sótt um að vegurinn verði tekinn inn á vegaskrá skal hann uppfylla kröfur Veghönnunarreglna um slíka vegi varðandi uppbyggingu, útfærslu, fjarlægð á milli vegamóta og fl. Vegagerðin fer fram á að fram komi á skipulagsuppdætti að öðrum verði heimilt að nýta tengingu að þjóðvegi komi til frekari uppbyggingar á svæðinu. Umferðaröryggismat Þar sem skipulagsáætlunin innifelur verulegar breytingar á stofn- og tengivegum skal deiliskipulagið sæta	Jafnframt hefur verið gerð grein fyrir því að framkvæmdir á eða við vegsvæði, sem og breytingar á vegtengingum, verði unnar í samráði við Vegagerðina og í samræmi við gildandi veghönnunarreglur og önnur viðeigandi skilyrði. <i>Sjá kafla 5.2 í greinargerð.</i> Umferðaröryggismat Í greinargerð er bætt við umfjöllun um þörf á umferðaröryggismati vegna breytinga á tengiveginum. Ný vegamót Bætt er við skilyrðum sem þarf að fylgja við hönnun og framkvæmdir við ný vegamót.

Umsagnaraðili	Umsögn/Athugasemd	Viðbrögð
	umferðaröryggismati hjá Vegagerðinni skv. reglugerð nr. 899/2011. Umferðaröryggismat er skipuleg samanburðargreining á áhrifum nýs vegar, eða verulegra breytingar á núverandi vegakerfi, á umferðaröryggi. Æskilegt er að leggja fram fleiri en eina tillögu til að samanburður komi fram við annað en núverandi ástand. Æskilegt er að fjarlægðir á milli tenginga séu málsettar á uppdrætti, það á einnig við um næstu tengingar utan skipulagsreits. Lágmarksfjarlægðir á milli tenginga má sjá í samantekt hér að framan. Vegamót Ný vegamót skulu útfærð samkvæmt neðangreindum skilyrðum: • Móta skal hliðarveg þannig að hann verði hornrétt á veg og jafnhár a.m.k. 20 m næst þjóðvegi. • Ef rjúfa þarf girðingar skal framkvæmdaraðili sjá til þess að sett verði hlið, ristarhlið eða aðrar þær aðgerðir gerðar sem tryggja að búfé komist ekki inn á þjóðveg. • Á vegamótum þar sem gengið er frá vegi með bundnu slitlagi skal það ná 12m að bæjum og 5m að túnum og slóðum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að mól berist inn á hann. Slitlagið skal ná frá slitlagsbrún aðalvegar. Bundið slitlag nær út á axlarbrún í vegamótaboganum. Síða 2/3 Vegagerðin • Langhalli hliðarvega og allra tenginga skal vera að hámarki 2,5% að minnsta kosti 6m frá kantlínu aðalvegar.	

Umsagnaraðili	Umsögn/Athugasemd	Viðbrögð
	Fláar hliðarvega og allra tenginga inn á aðalveg skulu vera 1:6 í að lágmarki 8m frá kantlínu aðalvegjar eða innan öryggissvæðis hans, ef það nær lengra út. Breyting á fláa hliðarvegjar úr 1:6 í brattari fláa skal ekki gerast á styttri kafla en 20 m.	
7.Land og skógur	Gerir engar athugasemdir um deiliskipulagið	Krefst ekki viðbragða